

Nd.

36. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 150 af hundraði á tóbak, eftir því, sem henta þykir fyrir hverja tegund.

Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, að meðtöldum tolli.

Tóbak til sauðfjárbaðana skal selja án hagnaðar.

2. gr.

2. gr. laga nr. 14 5. maí 1941 er úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ríkisstjórnin telur ekki heppilegt að binda hámarksálagning á tóbak við 50% og telur rétt, að heimild sé til að leggja á sumar tegundir þess allt að 150%, ef ástæða þykir til.